

KALDALÓN

DAGSKRÁ OG TILLÖGUR STJÓRNAR

FYRIR AÐALFUND KALDALÓNS HF. 3 APRÍL 2024

A. Staðfesting ársreiknings - Dagskrárliður 2

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2023 verði samþykktur.

Greinargerð:

Finna má ársreikning félagsins vegna reikningsársins 2023 á vefsíðu félagsins <https://kaldalon.is/fjarfestar>. Ársreikningurinn verður kynntur af stjórnendum félagsins.

B. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins - Dagskrárliður 3

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til að ekki verður greiddur arður til hluthafa vegna næstliðins rekstrarárs.

Greinargerð:

Kaldalón hf. er félag í vaxtarfasa og leggur því til að ekki sé greiddur út arður til hluthafa vegna næstliðins rekstrarárs. Hagnaður félagsins verður nýttur til frekari uppbyggingar félagsins.

C. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins - Dagskrárliður 4

Tilnefningarnefnd leggur til að eftirfarandi frambjóðendur verði kjörnir í stjórn Kaldalóns hf.:

- Álfheiður Ágústsdóttir
- Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason
- Haukur Guðmundsson
- María Björk Einarsdóttir
- Pálína María Gunnlaugsdóttir

Tilnefningarnefnd leggur til að eftirfarandi frambjóðendur verði kjörnir sem varamenn í stjórn Kaldalóns hf.:

- Gunnar Henrik B. Gunnarsson
- Hildur Leifsdóttir

Greinargerð:

Skýrsla tilnefningarnefndar liggur fyrir á vefsvæði fundarins <https://kaldalon.is/adalfundur2024/>

Rétt er að geta þess að lokafrestur til framboðs er fimm dögum fyrir aðalfund, sem haldinn verður þann 3. apríl 2024. Tilnefningarnefnd mun ekki geta lagt mat á framboð sem berast eftir 20. mars 2024.

D. Kjör endurskoðenda félagsins - Dagskrárliður 5

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund að PricewaterhouseCoopers ehf. verði kjörið sem endurskoðandi félagsins til næsta árs.

E. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda – Dagskrárliður 6

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund að stjórnar- og nefndarlaun fyrir kjörtímabilið 2024-2025 verði eftirfarandi;

- Laun stjórnarmanna verði 300.000 kr. á mánuði og þóknun formanns stjórnar tvöföld þóknun stjórnarmanns. Þóknun til varamanna í stjórn verði 90.000 kr. fyrir hvern fund sem varamaður situr.
- Þóknun nefndarmeðlima í endurskoðunarnefnd verði 45.000 kr. á mánuði og þóknun formanns 80.000 kr. á mánuði.
- Stjórnarmenn í starfskjaranefnd fá ekki greitt sérstaklega fyrir að sitja í starfskjaranefnd. Ekki er greitt sérstaklega fyrir formennsku.
- Þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði 700.000 kr. á starfsárinu og þóknun formanns 1.000.000 kr. á starfsárinu.

Greinargerð:

Á síðastliðnu rekstrarári var Kaldalón hf. skráð á skipulegan verðbréfamarkað, Aðalmarkað Nasdaq Iceland, og hefur þar með undirgengst frekari ábyrgðir og upplýsingaskyldu en áður. Þá flokkast félagið nú sem félag tengt almannahagsmunum. Þannig eru ríkari kröfur gerðar til félagsins nú en fyrir skráningu á skipulegan verðbréfamarkað. Eignir og skuldbindingar samstæðunnar hafa aukist verulega á undanförunum misserum.

Lagt er til að þóknanakerfi undirnefnda stjórnar breytist milli ára. Áður var nefndarmönnum í undirnefndum stjórnar sem ekki sátu í stjórn félagsins greidd þóknun með tímagjaldi. Stjórn leggur til að breyta því í mánaðarlega þóknun vegna setu í endurskoðunarnefnd og árlega þóknun til nefndarmanna sem sitja í tilnefningarnefnd. Þóknunir taka mið af félögum með sambærilega ábyrgð og stærð. Breytingin eykur fyrirsjáanleika í kostnaði félagsins.

F. Starfskjarastefna - Dagskrárliður 7

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund félagsins að óbreytt starfskjarastefna frá aðalfundi 2023 verði samþykkt.

Greinargerð:

Á árinu 2023 var samþykkt ný starfskjarastefna fyrir félagið frá grunni. Á þessum tímamarki telur stjórn ekki þörf á breytingum frá fyrra ári og er því lagt til að samþykkja starfskjarastefnu óbreytta. Starfskjarastefnu má nálgast á vefsvæði fundarins <http://kaldalon.is/adalfundur2024/>

G. Kosning tilnefningarnefndar - Dagskrárliður 8

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til að eftirfarandi aðilar verði kjörnir nefndarmenn í tilnefningarnefnd félagsins.

- Ásgeir Sigurður Ágústsson
- Margrét Sveinsdóttir
- Unnur Lilja Hermannsdóttir

Greinargerð:

Tilnefningarnefnd tók til starfa í félaginu á vormánuðum 2023. Stjórn leggur til við aðalfund að neðangreindir aðilar verði endurskipaðir aðilar í tilnefningarnefnd:

Ásgeir Sigurður Ágústsson

Ásgeir er lögmaður og framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Rapyd í Evrópu. Áður starfaði Ásgeir meðal annars hjá Logos lögmannsþjónustu í London og Reykjavík, hjá Libra lögmonnum og hjá norsku lögmannsstofunni Schjöldt í Brussel. Ásgeir hefur víðtæka reynslu og hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum í gegnum tíðina. Ásgeir er með fullnaðarpróf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík og lögmannsréttindi.

Margrét Sveinsdóttir

Margrét Sveinsdóttir er sjálfstætt starfandi stjórnarkona og ráðgjafi. Á árunum 2009 til 2022 var hún framkvæmdastjóri hjá Arion banka, fyrst í Eignastýringu og síðan Mörkuðum. Á árunum 1990 til 2009 var hún hjá Íslandsbanka/Glitni, lengst af í verðbréfavíðskiptum í VÍB, síðar eignastýringu og síðast í fjárstýringu. Frá 1984 til 1988 var hún í lánadeild lðnaðarbanka Íslands. Margrét er nú stjórnarformaður Blikastaðalands ehf. og Katla Fund SICAV, ásamt því að vera í varastjórn Árvakurs hf. og Þórsmerkur ehf. Hún hefur áður setið í stjórn Okkar líf hf. og TIF, tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, ásamt nokkrum stjórnnum félaga í Lúxemborg. Margrét er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA frá Babson College í Massachusetts USA. Hún er jafnframt með próf í verðbréfavíðskiptum.

Unnur Lilja Hermannsdóttir

Unnur Lilja Hermannsdóttir er lögmaður og eigandi á Landslögum. Unnur hefur setið í stjórnnum stofnana og fyrirtækja og sinnt kennslu um hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í félögum. Þá hefur Unnur setið í hæfnisnefndum vegna skipana í embætti hjá hinu opinbera. Unnur er með fullnaðarpróf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík og réttindi til að flytja mál fyrir Landsrétti.

H. Starfsreglur tilnefningarnefndar - Dagskrárliður 9

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund félagsins að framlagðar starfsreglur tilnefningarnefndar verði samþykktar.

Greinargerð:

Tillögur að breytingum milli ára snúa að greinum 2.1 – 2.3. um skipun nefndarinnar sem nú er kosin á hluthafafundi í stað þess að vera skipuð af stjórn. Tillögur að breytingum liggja fyrir á vefsvæði fundarins: <http://kaldalon.is/adalfundur2024/>

I. Atkvæðagreiðsla um fyrirbyggjandi tillögu um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd – Dagskrárliður 10

Stjórn leggur til að Harpa Vífilsdóttir, löggiltur endurskoðandi og fjármálastjóri Norvik hf., verði kosin sem utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd.

Harpa Vífilsdóttir

Harpa starfar sem fjármálastjóri Norvik hf. og situr í stjórn dótturfélags þess, fasteignafélaginu Smáragarður ehf. Harpa er löggiltur endurskoðandi og starfaði í tæpan áratug hjá KPMG og hefur meðal annars komið að endurskoðun fasteignafélaga. Harpa er með meistaragráðu í reikningshaldi og endurskoðun frá Háskólanum í Reykjavík og bachelor gráðu í viðskiptum og stjórnun frá Copenhagen Business School. Harpa hefur mikla reynslu af störfum endurskoðunarnefnda í gegnum störf sín hjá KPMG og Valitor þar sem hún var fjármálastjóri.

Reykjavík, 7. mars 2024
F.h. stjórnar Kaldalóns hf.

Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason
stjórnarformaður